

FUNDARBOÐ KVÍKU BANKA HF.

til hluthafafundar 4. júní 2026

Stjórn Kvíku banka hf. boðar til hluthafafundar í bankanum sem haldinn verður fimmtudaginn 4. júní 2026, kl. 16:30, á starfsstöð félagsins að Katrínartúni 2, 9. hæð, 105 Reykjavík. Tílefni fundarins er tillaga stjórnar um sérstaka arðgreiðslu að fjárhæð kr. 2,35 á hlut, sem jafngildir rúmum 10 milljörðum króna.

Á aðalfundi félagsins þann 18. mars 2026 kom fram að eiginfjárstaða félagsins yrði áfram mjög sterk í kjölfar tillagðrar arðgreiðslu og að stjórn hefði það til skoðunar að leggja til frekari útgreiðslu til hluthafa síðar á árinu ef aðstæður til þess myndu skapast. Í ljósi þess að ekki verður af samruna Kvíku og Arion banka og eiginfjárstaða félagsins er áfram mjög sterk, er nú til staðar umtalsvert svigrúm til að skila fjármunum til hluthafa.

Við mótun tillögu stjórnar til hluthafafundar hefur einnig verið tekið mið af fyrirliggjandi heimild sem veitt var á aðalfundi félagsins til kaupa á eigin hlutabréfum fyrir allt að 10% af hlutafé félagsins. Stjórn stefnir þannig, auk framangreindra arðgreiðslna, ef aðstæður leyfa, að því að kaupa eigin hlutabréf fyrir allt að fjóra milljarða króna síðar á árinu.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

- 1) Tillaga um sérstaka arðgreiðslu.
- 2) Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins á íslensku og ensku. Sé misræmi milli fundargagna á íslensku og ensku, gildir íslenska útgáfan. Fundargögn eru aðgengileg á vefsíðu félagsins; [hér](#) og á skrifstofu félagsins að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Vakin er athygli á því að hvorki verður hægt að taka þátt á fundinum rafrænt né greiða atkvæði með rafrænum hætti. Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:30, þann 30. maí 2026.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn skulu skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið hluthafar@kvika.is eigi síðar en kl. 16:30, þann 2. júní, þ.e. tveimur dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af gildum skilríkjum og umboð, ef við á.

Atkvæðagreiðslur verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt frá einhverjum atkvæðisbærra fundarmanna og að gengnum úrskurði fundarstjóra um slíkt fyrirkomulag.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann sendir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á heimilisfang félagsins eða á netfangið hluthafar@kvika.is. Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum skulu senda beiðni um slíkt eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir boðaðan hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:30, þann 25. maí 2026. Slíkri ósk skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar fyrir hluthafafund með því að senda erindi á framangreint netfang eða bera þær upp á fundinum sjálfum.

Hluthafafundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn. Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundinum, hafi þeir skráð sig innan framangreinds tímafrests. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur. Hluthafar geta látið

umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins.

Stjórn Kviku banka hf.